



## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

*Patreksfjörður, 21. febrúar 2019*

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.**

Á 863. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar þann 12. febrúar 2019 var eftirfarandi fært til bókar:

Lagður fram tölvupóstur dags. 31. janúar sl. frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis með beiðni um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur).

Bæjarráð Vesturbyggðar fagnar því að ungt fólk fái aukið hlutverk við mótun samfélagsins. Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu 16 ára einstaklingar fá kosningarétt við kosningar til sveitarstjórnar en verða ekki kjörgengir í sveitarstjórnarkosningum. Bæjarráð bendir á mikilvægi þess að einstaklingar sem taki þátt í sveitarstjórnarmálum hafi lagalega stöðu til að geta tekið ákvarðanir og þess sé sérstaklega gætt við afgreiðslu frumvarpsins. Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda umsögn um frumvarpið og upplýsa Samband íslenskra sveitarfélaga um afstöðu bæjarráðs til frumvarpsins.

Á 331. fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar 20. febrúar 2019 var afgreiðsla bæjarráðs staðfest. Ofangreind afgreiðsla tilkynnist hér með.

  
Rebekka Hilmarisdóttir, bæjarstjóri.  
BÆJARSTJÓRI